



Skipulagsnefnd  
Keflavíkurflugvallar



Landhelgisgæsla Íslands

# AÐALSKIPULAG KEFLAVÍKURFLUGVALLAR 2013-2030

Breyting: Auknar byggingarheimildir á  
öryggissvæðinu (svæði B)

Lýsing skipulagsverkefnis vegna breytinga á aðalskipulagi skv. 1. mgr. 30. gr.  
skipulagslaga 123/2010

Febrúar 2021

## 1 Inngangur

Lýsing þessi fjallar um fyrirhugaða breytingu á Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013-2030, sem staðfest var dags. 05.10.2017. Breytingin snýr að því að heimilt byggingarmagn á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli, svæði B, verði hækkuð úr 10.000 m<sup>2</sup> í 35.000 m<sup>2</sup>, til viðbótar við það sem þegar var byggt við samþykkt aðalskipulags.

## 2 Forsendur

Öryggissvæðið, svæði B, sem afmarkað er á skipulagssvæði Keflavíkurflugvallar, fellur undir landnotkun sem skilgreind er sem varnar- og öryggissvæði í skipulagsreglugerð. Öryggissvæðið er það svæði við Keflavíkurflugvöll þar sem Landhelgisgæsla Íslands annast daglegan rekstur í umboði utanríkisráðuneytisins.

Stærð svæðisins er 755 ha og er starfsemi á öryggissvæði skilgreind sem margvísleg. Um er að ræða flugskýli og viðgerðaraðstöðu fyrir flugvélar auk viðhaldsaðstöðu. Innan svæðis er aðstaða fyrir gistirými og aðra þjónustu sem þarf að veita á öryggissvæði.

Í aðalskipulagi 2013-2030 eru nýjar byggingarheimildir skilgreindar sem 10.000 m<sup>2</sup>. Undanfarið hefur þörf á byggingarheimildum aukist í tengslum við kröfur um þá starfsemi sem ráðgerð er á öryggissvæðum. Það er því komin þörf á auknum byggingarheimildum til að gera stjórnvöldum kleift að uppfylla hlutverk sitt um að annast framkvæmd öryggis- og varnartengdra verkefna í samræmi við varnarmálalög nr. 34/2008.

Samhliða aðalskipulagsbreytingu verður unnið að breytingu á deiliskipulagi öryggissvæðisins. Í þeirri breytingartillögu verða kynnt áform um hvernig ráðstöfun verður á auknum byggingarheimildum.

## 3 Samræmi við aðalskipulag

Breytingin er í samræmi við stefnu aðalskipulags Keflavíkurflugvallar að öðru leyti en að byggingarmagn rúmast ekki innan þeirra heimilda sem aðalskipulag gerir ráð fyrir.

Breytingartillagan mun ekki breyta landnotkun, veldur ekki áhrifum á aðliggjandi svæði eða einstaka aðila og hefur áhrif á mjög takmarkað svæði.

## 4 Breyting á aðalskipulagi

Breytingin felst í að gerð verður breyting á töflu 4.1 um heimildir á öryggissvæðinu, svæði B, í kafla 4.3 í skipulagsgreinargerð, bls. 23.

Í töflu verður bætt við upplýsingum um núverandi byggingarmagn á öryggissvæðinu, nýjum byggingarheimildum og heildarbyggingarmagni sem ráð er gert fyrir á skipulagstímabilinu.

Ekki er talið að breyting breyti niðurstöðu umhverfisskýrslu Aðalskipulags Keflavíkurflugvallar 2013-2030 og því ekki þörf á sérstakri umhverfisskýrslu. Í breytingartillögu verður gerð grein fyrir forsendum að óbreyttum niðurstöðum.

## 5 Samráð og kynningar

Gert er ráð fyrir að aðalskipulagbreytingin verði kynnt og auglýst samhliða tillögu að deiliskipulagi öryggissvæðisins á Keflavíkurflugvelli.

Helstu tímasetningar og þættir verkefnisins eru eftirfarandi:

- Skipulagslýsing var tekin fyrir á fundi skipulagsráðs Keflavíkurflugvallar í febrúar 2021. Í kjölfarið er lýsing send umsagnaraðilum og hún kynnt almenningi.
- Tillaga að aðalskipulagsbreytingu, ásamt, breytingu á deiliskipulagi, verður kynnt sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana í mars/apríl 2021.
- Áformað er að breyting á aðalskipulagi, ásamt breytingu á deiliskipulagi, verði samþykkt í maí 2021.
- Opinber auglýsing gildistöku aðalskipulagsbreytingar, og deiliskipulagsbreytingar, er áætluð í júní 2021, í samræmi við 31 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

## 6 Umsagnaraðilar

Lýsing er m.a. send eftirfarandi aðilum til umsagnar:

- |  |                                   |
|--|-----------------------------------|
| • Skipulagsstofnun                       | • Kadeco                          |
| • Húsnæðis- og mannvirkjastofnun         | • Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja  |
| • Minjastofnun Íslands                   | • Suðurnesjabær                   |
| • Umhverfisstofnun                       | • Reykjanesbær                    |
| • Isavia                                 | • Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja |
| • Samgöngustofa                          | • Veðurstofa Íslands              |
| • Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið | • Ferðamálastofa                  |